

Laugarásvegur 63 - USK24090041


Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. september 2024 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum stoðvegg á lóðarmörkum að lóð nr. 59, pergólu og steyptum heitum potti á steyptri verönd við einbýlishús á lóð nr. 63 við Laugarásveg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Loftmynd, borgarvefsjá



mæliblað.

Skipulag í gildi

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Laugarásvegi 63 íb24.

Deiliskipulag:


Ekki er til deiliskipulag af svæðinu.

Umsögn


Húsið á lóð nr. 63 við Laugaásveg er íbúðarhús sem hannað var af Hannesi Kr. Davíðssyni árið 1951. Húsið telst vera byggingarlist í háum gæðaflokki og mikilvægt er að útlitsbreytingar og viðbætur við hús taki mið af byggingarstíl þess og leitast skal við að halda í upphafleg sérkenni og útlit hússins.

Óskað er eftir álitni skipulagsfulltrúa vegna stoðveggs, pergólu og steyptum heitum potti á steyptri verönd við einbýlishús á lóð nr. 63 við Laugarásveg.


Samkvæmt teikningu er stoðveggurinn um 4.5 metra frá lóðarmörkum Laugarásvegar 61 en liggur að óbyggðri lóð Laugarásvegar 59.



Innsendar teikningar



Vanda skal til alls yfirborðsfrágangs og frágangs gróðurs og bílastæða og huga að blágrænum ofanvatnslausnum. Huga skal að frágangi lóðar er liggur að stoðveggi og tryggja skal að öryggi sé gætt. Nánari leiðbeiningar um útfærslu lóða er á heimasíðu Hverfisskipulags, <https://skjol.hvsk.is/leidbeiningar/Leidb-Hvsk-Utfaersla-loda.pdf>. Rétt er að taka það fram að leiðbeiningarritin eiga við alla borgina, líka þar sem hverfisskipulag er enn í vinnslu. Lóðamörk milli nágranna þarf að leysa í samráði við aðliggjandi lóðarhafa. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef hæðarmunur er milli lóða. Þegar lóð er hönnuð þarf að gæta þess að skerða ekki nýtingu á næstu lóðum. Hér er þó ekki átt við lítils háttar skuggavarp eða útsýnisskerðingu sem er eðlileg afleiðing af því að búa í þéttri byggð. Fyrir liggur samþykki lóðarhafa Laugarásvegur 59, dagsett 27. febrúar 2024.



Dæmi úr leiðbeiningariti hverfisskipulags er sýna útfærslu á hæðarmuni milli lóða.

Niðurstaða

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir varðandi pergólu, heitan pott og stoðvegg með vísan til umsagnar.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Laufey Sigurðardóttir arkitekt / verkefnastjóri